

Fundargerð 11. september 2014

Fundur stjórnar Minjasafns Austurlands haldinn í Safnahúsinu á Egilsstöðum fimmtudaginn 11. september 2014 kl: 16.00. Mættir stjórnarmennirnir Kristjana Björnsdóttir, Margrét Dögg Guðgeirsdóttir, Marianna Jóhannsdóttir, Páll Sigvaldason (varamaður) og Gunnar Jónsson (varamaður), ásamt safnstjóra Unni Birnu Karlsdóttur.

Fundarefni

1. Verkaskipting stjórnar.

Tveir aðalmenn í stjórn voru fjarverandi, og höfðu tilkynnt um það með fyrirvara, og mættu varamenn í þeirra stað. Ákveðið á fundinum að stjórn skipti með sér verkum á næsta fundi þar sem allir aðalmenn gátu ekki mætt til fundar í dag. Kristjana Björnsdóttir er tilnefnd fundarstjóri sem aldursforseti. Fundargerð ritar Unnur B. Karlsdóttir safnstjóri.

2. Fjárhagsáætlun 2015.

Safnstjóri kynnti fjárhagsáætlun 2015 og stjórn fjallaði um. Fjárhagsáætlun fyrir safnið fyrir 2015 hvað varðar heildarframlög aðildarsveitarfélaga hljóðar upp á 20 milljónir alls. Þar af eru laun stærsti rekstrarliðurinn eða áætluð verða um 15.700. þús. kr. Enda komu til launahækkunar á árinu 2014 og munu mögulega verða einhverjar líka á næsta ári því sumir samningar sem náðust í vor hjá stéttarfélagunum voru tímabundnir með stuttan gildistíma. Áskrift að gagnagrunninum Sarpi hækkaði umtalsvert árið 2014 og er áætluð verða 800 þúsund árið 2015. Safnið áætla 2 millj. kr. af eigin rekstrarfé í sýningarverkefni, auk styrkja til verkefnisins, þ.e. í endurnýjun grunnsýningar og tilheyrandi yfirhalningu á sýningarsal með opnun nýrrar sýningar vorið 2015. Rætt um hvort ásættanlegt væri að áætlunin sýndi tap í árslok en áætlunin síðan samþykkt samhjóða með þeirri niðurstöðu að smávægilegt tap væri óumflýjanlegt miðað við rekstrarumhverfi safnsins eins og staða þess er núna. Stjórn áréttar að fjárhagsáætlunin getur ekki hljóðað upp á lægri tölur en settar eru hér fram enda er safnið rekið við þröngan fjárhag og hefur verið undirfjármagnað um árabil. Einnig áréttar stjórnin að ljóst sé að þessi áætlun fyrir 2015 mun ekki standast ef óvæntur kostnaður lendir á safninu á árinu 2015.

Fundi slitið kl. 17.10.